



5. maí 2023
Tilv. 2304079

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvið@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum um tekjuskatt (eftirlitsheimildir, endurgreiðsla og séreignarsparnaður), 952. mál.

Með tölvupósti, dags. 21. apríl sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum um tekjuskatt, 952. mál.

Meginefni frumvarpsins er þríþætt. Í fyrsta lagi er þar lagt til að ríkisskattstjóra verði veitt aukin úrræði í þeim tilgangi að bæta skil og eftirlit með þeim sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá, með því að synja aðila um skráningu eða úrskurða aðila af virðisaukaskattsskrá. Í öðru lagi er lagt til að endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts af vinnu við nýbyggingu, endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis verði lækkað úr 60% í 35%. Í þriðja lagi er lögð til framlenging á skattfrjálsri úttekt og ráðstöfun viðbótariðgjalds til séreignarsparnaðar í tengslum við öflun íbúðarhúsnæðis til eigin nota til loka árs 2024, sem að óbreyttu ættu að falla úr gildi 30. júní nk.

Seðlabankinn telur rétt að koma á framfæri tilteknum sjónarmiðum varðandi þann þátt frumvarpsins sem er hvað veigamestur og lýtur að framlengingu á skattfrjálsri úttekt og ráðstöfun viðbótariðgjalds til séreignarsparnaðar í tengslum við öflun íbúðarhúsnæðis til eigin nota um eitt og hálf ári. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að umfang aðgerðarinnar frá árinu 2014 hafi numið 107 ma.kr., þar af 5 ma.kr. vegna útborgunar við kaup á fasteignum og 102 ma.kr. sem greiddar hafi verið inn á höfuðstól lána. Í greinargerðinni er einnig gert ráð fyrir því að flestir sem nýti séreignarsparnað sinn til greiðslna inn á fasteignalán geri það áfram á meðan úrræðið sé í boði.

Aðgerðin er almennt til þess fallin að auka eftirspurn eftir húsnæði miðað við það að láta heimildirnar renna út, eins og fram kemur í almennum athugasemdum greinargerðarinnar. Þá hafa aðgerðirnar örvandi áhrif á almenna eftirspurn, bæði sakir auðlegðaráhrifa og vegna þess að greiðslubyrði lána ætti að minnka í takt við innborganir á höfuðstól. Fullyrt er í greinargerðinni að framlenging úrræðanna komi þó ekki til með að hafa teljandi viðbótaráhrif umfram þau áhrif sem þegar kunna að hafa komið fram vegna úrræðanna frá 2014. Það kann að vera rétt en áhrif þess að hverfa frá fyrri áformum um að láta þessar örvandi aðgerðir renna út er það sem Seðlabankinn telur mikilvægast að leggja mat á. Þau áhrif eru líklega nokkur, m.a. í ljósi þess að það eru fremur tekjuhærri hópar sem hafa tök á að nýta sér skattafrádrátt til þess að bæta eignastöðu sína. Framlengingin var því gott úrræði til að örva eftirspurn á tímum heimsfaraldurs en er fremur óheppilegt úrræði á tímum eftirspurnarþenslu.

Að öðru leyti, og þá einkum með vísan til markmiða Seðlabankans og fyrirbyggjandi forsendna, tekur Seðlabankinn ekki afstöðu til þeirra tillagna sem lagðar eru fram í frumvarpinu.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

